

United Silicon
Helgi Þórhallsson
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbæ

Reykjavík, 12. maí 2017
Tilvísun: 201701124 / 5.0

Efni: Mat á umhverfisáhrifum kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík

Mat á umhverfisáhrifum fyrir kísilverksmiðju United Silicon hófst haustið 2012 og lauk með álitum Skipulagsstofnunar dags. 10. maí 2013. Í umhverfismatinu var gerð grein fyrir áformuðum mannvirkjum og framleiðsluferli og umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsemi.

Undanfarna mánuði hafa málefni verksmiðjunnar verið til umfjöllunar vegna erfiðleika og ófyrirséðra umhverfisáhrifa við gangsetningu hennar. Að því tilefni hefur Skipulagsstofnun yfirfarið að nýju framlögð gögn fyrirtækisins við mat á umhverfisáhrifum og borið þau mannvirki sem reist hafa verið á lóð fyrirtækisins og opinberar upplýsingar um starfsemina saman við þær upplýsingar sem United Silicon lagði fram í mati á umhverfisáhrifum. Liður í þeirri skoðun var erindi til Reykjanesbæjar dags. 31. janúar sl. og Umhverfisstofnunar dags. 13. febrúar sl. þar sem stofnunin óskaði til tiltekinnar upplýsinga um málið (sjá hjálögð bréf og svarbréf Umhverfisstofnunar dags. 10. mars og Reykjanesbæjar dags. 5. apríl).

Athugun stofnunarinnar sýnir að mannvirki og umhverfisáhrif eru frábrugðin því sem boðað var í matskýrslu fyrirtækisins, sbr. eftirfarandi:

- Afstaða mannvirkja á efri stalli lóðarinnar er önnur en sýnd er á mynd 2.3 á bls. 10 í matsskýrslu. Ekki liggur heldur fyrir hvað á eftir að byggja af fyrirhuguðum mannvirkjum miðað við verksmiðju í fullum rekstri.
- Á bls. 10 í matsskýrslu kemur fram að hæsta bygging verksmiðjunnar verði staðsett á neðri stalli lóðarinnar til að draga úr sjónrænum áhrifum. Hæsta byggingin er hinsvegar á efri stalli lóðarinnar. Það er þökkunarstöð en hún er ekki talin upp í töflu 2.1 á bls. 10 yfir fyrirhugaðar byggingar á lóð fyrirtækisins.
- Ofnhús og loftsúhús, á efri stalli lóðarinnar, eru hærra en gert er ráð fyrir samkvæmt töflu 2.1 á bls. 10 í matsskýrslu.
- Staðsetning og umgjörð efnislagers virðist ekki vera í samræmi við það sem fram kemur í matsskýrslu.
- Sjónræn áhrif eru ekki í samræmi við það sem fjallað er um í kafla 6.6 og sýnt á myndum 6.13 til 6.15.
- Ekki er ljóst hvort breytt mannvirki hafa áhrif á dreifingu hljóðs frá verksmiðjunni.

- Ekki er ljóst hvort breytt tilhögun bygginga á lóð United Silicon hefur áhrif á dreifingu mengunarefna frá verksmiðjunni. Í því sambandi er vísað til athugasemda United Silicon við upplýsingar um dreifingu loftmengunar í frummatsskýrslu fyrir kísilverksmiðju Thorsil í Helguvík og sérfræðialits Sigurðar Magnúsar Garðarssonar prófessors sem Skipulagsstofnun aflaði í kjölfarið, en í því er bent á áhrif niðurstreymisáhrifa bygginga við útblástursstað.
- Ekki er ljóst hvort eða hvaða áhrif breytt umfang mannvirkja hefur á útreikninga á samlegðaráhrifum á dreifingu helstu mengunarefna frá allri samanlagðri starfsemi á Helguvíkursvæðinu.
- Umhverfisstofnun og fleiri stjórnvöldum hefur borist fjöldi kvartana vegna mengunar og ólyktar frá starfsemi United Silicon. Í matsskýrslu er ekki gerð grein fyrir mögulegu ónæði eða mengun við gangsetningu verksmiðjunnar af því tagi og umfangi sem orðið hefur vart við. Allar upplýsingar um gerð og styrk þeirra mengunarefna vantar. Um þetta efni vísast ennfremur til þess sem Umhverfisstofnun hefur látið frá sér um málið, sbr. m.a. bréf Umhverfisstofnunar til United Silicon dags. 25. apríl sl.
- Í matsskýrslu er gert ráð fyrir framleiðslu allt að 100.000 tonna á kísli í fjórum ljósbogaofnum. Samkvæmt starfsleyfi United Silicon dags. 21. október 2015 hefur fyrirtækið heimild til framleiðslu á allt að 100.000 tonnum af kísli í tveimur ljósbogaofnum. Ekki er ljóst hvort eða hvaða áhrif fjöldi ljósbogaofna kann að hafa á umhverfisáhrif starfseminnar.
- Mæld hafa verið allhá gildi á styrk arsen í nágrenni verksmiðju United Silicon. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir því hvernig á því stendur og bera saman við þekkt bakgrunnsgildi arsen annars staðar á Íslandi.

Af ofangreindu er ljóst að mannvirki og starfsemi United Silicon eru frábrugðin því sem greint var frá í matsskýrslu fyrirtækisins. Einnig hafa komið fram umhverfisáhrif sem eru ótilgreind eða vanreifuð í matsskýrslunni.

Samkvæmt tölulíð 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, til ákvörðunar um matsskyldu, allar breytingar eða viðbætur við matsskyldar framkvæmdir sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Að mati Skipulagsstofnunar er hafið yfir vafa að þau frávík sem um er að ræða í tilviki verksmiðju United Silicon falla undir þetta ákvæði. Því ber United Silicon að tilkynna breytingar á verksmiðjunni frá matsskýrslu fyrirtækisins til stofnunarinnar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Í því felst að tilkynna um allar þær breytingar sem orðið hafa frá því að mat á umhverfisáhrifum fór fram og gildir það um breytingar á mannvirkjum, starfsemi og umhverfisáhrifum. Jafnframt þarf þar að gera grein fyrir þeirri úttekt og aðgerðum sem nú er unnið að, undir stjórn Umhverfisstofnunar, sbr. bréf stofnunarinnar 25. apríl sl. Skipulagsstofnun mun á grundvelli þeirra gagna og umsagna umsagnaraðila taka ákvörðun um hvort þessar breytingar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ofangreind ákvörðun stofnunarinnar um tilkynningarskyldu er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Kærufrestur er til 12. ágúst nk., sbr. 1. mgr. 27. gr. sömu laga.


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir


Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Reykjanesbær og Umhverfisstofnun

Hjálagt:

Erindi Skipulagsstofnunar til Reykjanesbæjar dags. 31. janúar og 12. maí 2017.

Erindi Skipulagsstofnunar til Umhverfisstofnunar dags. 13. febrúar 2017.

Erindi Reykjanesbæjar til Skipulagsstofnunar dags. 5. apríl 2017.

Erindi Umhverfisstofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 10. mars 2017.